

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Álversins í Straumsvík, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Álversins í Straumsvík. Breytingin felst í að aðkomu að svæðinu verður breytt og nýtt hlið og hliðahús verður reist. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 19. júlí 2005.

Helga Stefánsdóttir verkefnisstjóri.

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Fljótsdalshéraði.

Deiliskipulag vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 5. janúar 2005 deiliskipulag fyrir stækkun Lagarfossvirkjunar á Fljótsdalshéraði. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stækkun virkjunarinnar úr 7,5 mW í allt að 20 mW, en í þeirri stækkun felst m.a. stækkun stöðvarhúss, breikkun og dýpkun aðrennslisskurðar, vega- og brúargerð, auk aðstöðu fyrir verktaka meðan á framkvæmdum stendur.

Deiliskipulag Fljótsdalslína 3 og 4 í Skriðdal.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 29. júní 2005 deiliskipulag fyrir Fljótsdalslínu 3 og 4 í Skriðdal. Deiliskipulagssvæðið nær til um 300-400 m breiðs beltis meðfram línunum í Skriðdal, fyrir tvær samsíða 420 kV háspennulínur, frá austurhlíð Hallormsstaðaháls að mynni Hallsteinsdals og Þórudals í Skriðdal, ásamt Teigarhornslínu 1 og Kröflulínu 2, helgunarsvæðis þeirra, línuvega, aðveitustöðvar, breyttrar legu þjóðveggar, trjáræktar í línustæði, trjáræktar tengdrar mótvægisadgerðum og skógræktarsvæði skv. áætlun Héraðsskóga.

Breyting á deiliskipulagi Selbrekku, 2. áfangi - efra svæði, Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 15. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Selbrekku, 2. áfangi - efra svæði á Egilsstöðum. Breytingin gerir ráð fyrir að bæta við 15 einbýlishúsalóðum með því að framlengja Egilssel, Dalsel, byggja nyrst við Selbrekku á móts við vatnsverndarsvæðið og breyta lóðunum austan Bjarkarsels úr raðhúsa/parhúsalóðum í 9 einbýlishúsalóðir. Gert er ráð fyrir akfærri aðkomu að vatnsmiðlunartanki, jafnframt breytist lóðarstærð og hámarkshæð mannvirkis á lóðinni. Gert er ráð fyrir nýjum gönguleiðum/stígum á svæðinu.

Ofangreind skipulagsmál hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 19. júlí 2005.

Ómar Þ. Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.